

S A M Þ Y K K T

74

2. júní

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlaárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní itl 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit er fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri tíma eða skemmri lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember frá kl. 9—12 árdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk og rjóma. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaförða handa skipum og sömuleiðis er leyflegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

74

2. júní

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. júní 1933 og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 25. apríl 1928.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

75

4. júlí

REGLUGERÐ

um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum nr. 84 6. júlí 1932, verður endurgreitt úr ríkissjóði eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið er endurgoldið eftir á fyrir ár hvert, talið frá 1. júlí til 1. júlí, í fyrsta sinni 7. júlí 1932 til 30. júní 1933 að báðum dögum meðtöldum.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanfögnu ári til annars en til bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað eiga ekki rétt á endurgreiðslu.